

Fundargerð aðalfundar 2024

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2024 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 7. maí 2024 kl. 11:00. Mættir voru fulltrúar 13 hluthafa sem eiga 83.78 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur, ritara. Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
 - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059), aðalmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
 - Árni Konráð Bjarnason (kt. 130459-6179), aðalmaður.
 - Guðmundur Axel Hansen (kt. 160577-4879), varamaður.
 - Stefanía Gunnarsdóttir (kt. 311071-5219), varamaður.


Þessir eru réttkjörnir til stjórnar. Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Lagt er til að hagnaður af rekstri ársins 2023 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og fyrirbyggjandi ársreikningi. Samþykkt einróma.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2025 hækki um 3,5% og verði því kr. 37.204 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 11.45.


Erla S. Árnadóttir


Stefanía Gunnarsdóttir